



## Kl. 20.00

Allra síðustu sýningar á *Paris at Night*, sem byggð er á ljóðum Jacques Prévert og tónlist Josephs Kosma, verða um helgina, í kvöld og sunnudagskvöld. Leikarar í sýningunni eru Jóhanna Vígdís Arnardóttir og Felix Bergsson.

# menning

menning@frettabladid.is

## Leikstjórnarnámskeið fyrir kennara

Hagnýtt leikstjórnarnámskeið fyrir grunnskólakennara verður haldið á vegum fræðsludeildar Þjóðleikhússins helgina 16. og 17. október. Leiðbeinandi er Sigrún Valbergdóttir og er námskeiðið ætlað þeim kennurum sem hafa einhverja reynslu af leiklistarstarfi með grunnskólabörnum. Í fyrirlestri og umræðum verður farið fræðilega í gegnum ferli uppsetningar á leikriti og sérstaklega miðað við þarfir grunnskólans. Staldræð verður við greiningarvinnu og ýmsa verkþætti sem leikstjórninn ber ábyrgð á og tekur endanlega afstöðu til, svo sem leikmyndavinnu, búningagerð, leikmunagerð, hönnun lýsingar, hárgreiðslu, förðun, leikskrá osfrv. Einnig verður farið í undirbúning og skipulag frá degi til dags. Meginhluti námskeiðsins er verklegur. Þátttakendur verða til skiptis í hlutverkum leikara og leikstjóra. Unnið verður með stutta leikþætti og senur sem þátttakendur verða búnir að kynna sér fyrirfram. Námskeiðið verður frá 10-16 báða dagana og skilyrði er að þátttakendur séu með allan tímann. Þáttökufjöldi er takmarkaður og kostnaður verður 10.000 kr. Skráning er hafin (sendið tölvupóst á maria@leikhusid.is eða hringið í Maríu í síma 585 1200) og lýkur 4. október.



## EKKI MISSA AF...

Ingibjörg Hauksdóttir opnar sýningu hjá Sævari Karli á morgun, laugardag. Ingibjörg málur óhlutbundnar myndir, oft smágerð og óráðin munstur á stóra fleti. Sýningunni **Ísland, Ítalía og Bandaríkin: Valgerður Hauksdóttir og Debora Cornell** frá Bandaríkjunum hvor með sína innsetninguna en þeim fylgja hljóðverk eftir Richard Cornell. Paolo Ciampini frá Ítalíu sýnir grafík. **NORÐUR OG NIÐUR**, farandsýningu ungra finnskra, sænskra og íslenskra listamanna sem opnar í kjallara Norræna hússins í dag.



# Hvenær deyr í manni sálin?

Þjóðleikhúsið frumsýnir í kvöld Svarta mjólk, leikrit þar sem sem kaldranalegur stórborgarveruleiki og lífið úti á landi í Rússlandi rekast harkalega á.

Svört mjólk er heitið á fyrstu frumsýningu leikársins í Þjóðleikhúsinu. Verkið, sem er sýnt á Smíðaverkstæðinu í kvöld, er eftir Vasílij Sígárvjov, kornungan rússneskan höfund sem hefur vakið gífurlega athygli í leikhúslífi Evrópu.

Verkið fjallar um ungt par úr stórborginni sem er státt á lestarstöð í órlitlum smábæ úti á víðáttum Rússlands. Hann selur brauðristar, hún er komin á steypirinn. Þau geta varla beðið eftir því að komast burt, en lestin lætur bíða eftir sér. Svo birtast þeir, þorpsbúarnir sem telja sig hafa verið svikna í viðskiptum við brauðristasölumanninn. Kaldranalegur stórborgarveruleikinn og lífið úti á landi rekast harkalega á.

Í hlutverkum unga parsins, Ljovtsiks og Lillu, eru Ólafur Egill Egilsson og Arnbjörg Hlíf Valsdóttir. Þegar þau eru spurð hvort Svört mjólk sé mjög dramatískt leikrit segja þau að í því sé mikill þungi undir niðri. „Fólk er sorglegt án þess að vita það sjálf“, segir Ólafur og Arnbjörg bætir við: „Það er mjög mótað af umhverfi og aðstæðum.“

Hvers konar leikrit er þetta? „Leikritið er kannski um sálina og rassgatið og þar er varpað

fram ýmsum spurningum. Hvenær deyr í manni sálin? Hvað þarf maður að selja margar ónýtar brauðristar og ganga í berhögg við það sem maður veit að er satt og rétt, áður en sálin deyr?

Þetta par rambur á mörkum þess að vera sálarlaust – en er það þó ekki. Það kostar bara allt peninga nú til dags, eins og segir í leikritinu – og þegar allt kostar peninga, þá fer allt að snúast um að ná í þá. Fólk verður að velja sálina eða að bjarga á sér rassgatinu.

En svo er þetta líka ástarsaga. Ljovtsik og Lilla eru dæmigert nútímapar, þótt þau þurfi að hafa meira fyrir því að eiga í sig og á en gengur og gerist.

Leikritið er eins og dæmisaga. Höfundurinn er jafngamall okkur og er að varpa upp gömlu gildunum í Rússlandi, frá tíma þar sem engir peningar voru til, og þeim nýju, þar sem allt flæðir í peningum og þjóðfélagið er alger frumskógur. Fólk er alið upp í svo hörðum heimi þarna, við svo ofboðslega fátækt að það er spurning hversu langt það er til í að ganga til þess að fá það sem það þarf. Þetta par er til í að ganga ansi langt. En það er spurning hvort þau eiga einhverja kosta völ. Þau verða að taka þátt í þjóðfélaginu – en hafa ekkert með það að gera að setja leikreglurnar.“

Kjartan Ragnarsson leikstýrir Svartri mjólk, verki um upplausnina og frumskógarlögmálið í Rússlandi á okkar dögum. En hvaða erindi á það við okkur?

„Leikrit sem er skrifað af 27 ára strák sem segir af alvöru að

manneskjan sé einhvers virði á alltaf erindi við okkur. Þetta er strákur sem elst upp við spillingu, hrun og vonleysi og er í fúlustu alvöru að leita að einhverjum heillegum kjarna í manneskjunni. Það er merkilegt.

Verkið fjallar um heila heimsálfu sem missir fótanna og er að leita að einhverju síðferði til að standa á. Það kemur okkur mikið við.“

Í einu af aðalhlutverkum sýningarinnar er Tinna Gunnlaugsdóttir, sem leikur konuna sem endurspeglar hin mannelegu gildi, sem eru undirstaða lífs okkar en er svo djúpt á í þessum heimi, eins og hún segir. „Þessi rótgrónu gildi koma alltaf til með að vera undirstaða mannlegs lífs á meðan græðgi og eigingirni eru það sem unga fólkíð í verkinu lifir og hrærist í – og þau hæðast auðvitað að þessum grónu gildum.

Í rauninni er höfundurinn að endurspeglar mun stærri sögu en hann segir í verkinu. Hann er að gefa okkur innsýn í það hrunda samfélag sem fyrrum Sovéltýðveldin eru í dag.“


„Og hann nær að fjalla um Guð þannig að ég tek mark á því,“ skýtur Kjartan inn í.

„Það má líka segja að þetta verk kallist á við okkar sögu,“ segir Tinna. „Okkur var líka kastað inn í nútímann. Við höfum upplifað tíma þar sem laust saman gömlum og nýjum gildum.“

Nú sækir þið bæði um stöðu þjóðleikhússins og eruð meðal þeirra sex sem þjóðleikhúsráð telur hæfa í stöðuna. Hvernig er



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LJOVTSIK OG LILLA** Ólafur og Arnbjörg segjast leika fólk sem er sorglegt án þess að vita það sjálf.

**KJARTAN RAGNARSSON LEIKSTJÓRI** Höfundur sem er í fúlustu alvöru að leita að einhverjum heillegum kjarna í manneskjunni á erindi við okkur.

fyrir ykkur að vinna saman?

„Við höfum verið keppinautar áður, til dæmis um verkefni. Leikarar hafa alla tíð þurft að vinna saman um leið og þeir eiga í samkeppni,“ segir Tinna.

„Við Tinna höfum verið góðir

vinir í mörg ár og verðum það alveg örugglega áfram hvernig sem fer,“ segir Kjartan.

„Og hvernig sem fer eigum við líka örugglega eftir að vinna saman,“ bætir Tinna við að lokum.

sussa@frettabladid.is

Erindi í Listasafni Reykjavíkur:

## Listsköpun Katrínar

Listfræðingurinn Eva Heislar flytur erindi í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi sunnudaginn 26. september kl. 15.00. Í erindi sínu mun hún fjalla um listsköpun Katrínar Sigurðardóttur síðastliðinn áratug en verk hennar spanna allt frá tölvu- og myndbandsverkum til þrívíðra verka og innsetninga. Verk hennar fjalla um kortlagningu mannsins í tíma og rúmi.

Sýning á verkum Katrínar stendur nú yfir í safninu.

Eva Heislar er bandarískur listfræðingur og gagnrýnandi sem hefur búið og starfað á Íslandi um nokkurt skeið. Eva hefur haldið fyrirlestra og verið gestakennari við Háskóla Íslands og Listaháskólann en er nú prófessor í ensku og listasögu við Maryland University, starfandi í Evrópu.




KATRÍN SIGURÐARDÓTTIR Tölvu- og myndbandsverk eru meðal verka á ferli hennar.

## Thorvald Steen í Norræna húsinu

Norski rithöfundurinn Thorvald Steen verður með fyrirlestur í Norræna húsinu í dag klukkan 12.00. Pallborðsumræður verða í kjölfarið þar sem taka munu til máls Órnólfur Thorsson, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Torfi H. Tulinius og Vilborg Davíðsdóttir. Thorvald mun einnig árita bók sína á staðnum. Thorvald Steen er einn virtasti höfundur Norðmanna en skáldsögur hans hingað til hafa allar fjallað um söguleg efni. Þær fyrstu, Don Carlos og Don Giovanni, fjölluðu um Charles Darwin, sú þriðja, Konstantínópel, fjallar um



Sigurð Jónsalafara og Undir svikulli sól fjallar um Snorra Sturluson eins og fyrr segir. Hún hlaut afar lofsamlega dóma og hefur þegar verið þýdd á fjölmörg tungumál. Thorvald Steen er fæddur árið 1954 og hefur starfað sem blaðamaður og rithöfundur og var um árabíl formaður norska rithöfundasambandsins. Hann er einnig höfundur ritgerðasafnsins Frá Reykholti til Bosporus sem kom út í fyrra. Nú í haust er væntanleg ný bók frá hans hendi, Úlfaldaský.



## Maharishi PEACE PALACE

- Offering enlightenment, good health, peace
- Increased energy and intelligence for success in every profession
- Relaxed and creative life
- Stress-free individual and crime-free society
- Harmonious behavior and fulfilling relationships
- Techniques to fulfill desires and enjoy affluence
- Maharishi Health Spa programs
- Vedic Vibration Technology<sup>SM</sup> for disorders
- Herbal food supplements
- Vedic architecture for health and good fortune
- Transcendental Meditation<sup>®</sup>
- All these programs for all—men, ladies, students, working adults, senior citizens

Our offers are supported by hundreds of scientific research studies.

Offered by the Global Country of World Peace:

His Highness Dr. Wynne, Raja of Vedic America and His Highness Dr. Dean, Raja of Washington, D.C.

Hér og nú er hægt að fá upplýsingar um hnattsamstarfið,

og læra að njóta heilsu og lífsgæða.

vefsíða:

[www.MaharishiPeacePalace.org](http://www.MaharishiPeacePalace.org)

Endilega skoðið meira um þekkinguna í „MaharishiPeacePalace“.

Upplýsingasími GCWP á Íslandi 693 73 54

*Friðarhallir rísa nú um allan heim, í höfuðborgum og þúsundum annarra borga. Hýsa heimsins dýpstu þekkingu og æðstu vísindi á öllum sviðum -- þekkingu á grundvallarraunveruleikanum og manningum.*